

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Akraness nr. 197/1978.

1. gr.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Almennur vatnsskattur.

Af öllum húseignum og lóðum í lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar sem virtar eru fasteignamatí og liggja við vegi og opin svæði, þar sem vatnsæðar eru, skal greiða árlega vatnsskatt, sem nemur 0.18% af framreiknuðu gildandi fasteignamatí eignarinnar hverju sinni.

Breyting þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraness og staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og lögum um aðstoð til vatnsveitna nr. 93/1947 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. apríl 1991.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Þórhildur Líndal.

Nr. 154

5. apríl 1991

AUGLÝSING

um fjölda kennslustunda í 1.–10. bekk grunnskóla og skiptingu þeirra milli námsgreina. (Viðmiðunarstundaskrá)

1. gr.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 212/1984 um skiptingu kennslustunda milli námsgreina. Auglýsingin gildir frá og með skólaárinu 1991–92 og þar til öðruvísi verður ákveðið.

2. gr.

Heildarfjöldi nemendastunda í 1.–10. bekk grunnskóla skal að lágmarki vera þessi:

1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	bekkur
24	24	24	27	29	32	34	35	35	35	stundir

3. gr.

Nemendastundir skiptast á námsgreinar og námsár eins og sýnt er í töflunni.

Skýringar við töflu:

Um einstakar námsgreinar og námsþætti vísast til aðalnámsskrár grunnskóla frá 1989. Einnig er bent á 19. kafla í aðalnámsskrá sem fjallar um skiptingu og nýtingu tíma í grunnskólum.

Hlutfall greinarflokka er reiknað út frá bundnum stundum samtals.